

# SJÚKRAFLUTNINGASKÓLINN

## SAMANTEKT FYRIR ÁRIÐ 2003

### Inngangur

Þann 26. nóvember 2002 var undirritaður samningur milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um rekstur FSA á sjúkraflutningaskóla. Í samningnum felst að FSA tekur að sér að sjá um skipulag og umsjón náms fyrir sjúkraflutningamenn. Frá 1996 og fram til loka árs 2001 var rekstur skólans í höndum Rauða kross Íslands (RKÍ). Markmið sjúkraflutningaskólans er að hafa umsjón með og halda námskeið fyrir sjúkraflutningamenn og aðra þá er tengjast sjúkraflutningum. Við skólann starfar skólastjóri í 70% starfi, læknisfræðilegur forsvarsmaður m.t.t. menntunar í hlutastafi auk fjölda leiðbeinenda sem eru m.a. sjúkraflutningamenn, hjúkrunarfræðingar og læknar.

Á árinu 2003 voru haldin 31 námskeið þar sem heildarfjöldi þátttakenda var samtals 489 einstaklingar.


### Fyrirkomulag skólastarfs

Árið 2003 var fyrsta starfsár skólans á vegum FSA. Í ljósi þess var skólastarf ekki með eðlilegum hætti fyrstu mánuðina þar sem tími fór í að koma starfsemi í gang og undirbúa námskeiðin. Fyrirkomulag skólastarfsins á árinu 2003 einkenndist af þeirri stefnu skólans að flytja menntunina sem næst nemandanum og reyna eftir fremsta megni að halda þau í heimabyggð nemanda eða því sem næst.

Kennslumiðstöðvar eru tvær þ.e. annars vegar á Akureyri (FSA og Slökkvilið Akureyrar (SA)) og hins vegar í Reykjavík (húsnæði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) að Tunguhálsi). Sjúkraflutningaskólinn á myndfundabúnað sem staðsettur er í Reykjavík og auðveldar það kennslu milli staða, en einnig er myndfundabúnaður á FSA sem og víða á landsbyggðinni. Námskeiðin sem í boði voru árið 2003 fóru ýmist fram með notkun myndfundbúnaðar milli kennslustaða eða í heimbyggð sjúkraflutningamanna þannig að leiðbeinendur voru á faraldsfæti með námskeiðin. Samanber **myndrit 1** voru flest námskeiðin haldin á landsbyggðinni þ.e. utan Reykjavíkur og Akureyrar.

Vefur sjúkraflutningaskólans (<http://www.ems.nett.is>), sem er aðgengilegur af vef FSA, er mikilvægur að því leyti að koma upplýsingum og kennslugögnum til nemanda og leiðbeinanda sem er einn liðurinn í að gera námið aðgengilegra öllum, hvar sem þeir búa á landinu.

**Myndirit 1: Staðsetning námskeiða**



## Námskeið


Eins og fram hefur komið voru haldin 31 námskeið á árinu 2003 með samtals 489 þátttakendum. Um var að ræða eftirfarandi námskeið:

- **Grunnnámskeið í sjúkraflutningum (EMT-B)** sem er 128 klukkustunda námskeið þar sem kennd eru helstu atriði sjúkraflutninga. Ljúki viðkomandi námskeiðinu með því að standast verkleg og skrifleg próf getur það leitt til löggildingar sem sjúkraflutningamaður. **Tvö** slík námskeið voru haldin vorið 2003 og luku fjörutíu og tveir þátttakendur prófum á þeim námskeiðum.
- **Neyðarflutninganámskeið (EMT-I)**, sem er framhaldsnámskeið fyrir sjúkraflutningamenn með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu var haldið haustið 2003 og voru þátttakendur 21, þar af voru 6 staðsettir á Akureyri og 15 í Reykjavík. Námskeiðið er viðamikil og felst í bóklegri og verklegri kennslu ásamt starfsþjálfun á neyðarbíl SHS og á bráðadeildum LSH eða FSA. Námskeiðið tekur 317 klukkustundir.
- Haldin voru **11 endurmenntunarnámskeið fyrir almenna sjúkraflutningamenn** og tók hvert námskeið 16 klukkustundir.
- **Fimm endurmenntunarnámskeið voru haldin fyrir neyðarflutningamenn** þar sem hvert námskeið tók 8 klukkustundir.
- **Eitt** námskeið varðandi **notkun á hálfsjálfvirkum stuðtækjum (AED)** var haldið fyrir sjúkraflutningamenn og hjúkrunarfræðinga á Akranesi og tók það 8 klukkustundir.
- Námskeiðið **“Segja það rétta – gera það rétta”** naut mikilla vinsælda á árinu 2003 en haldin voru **7** slík námskeið. Námskeiðið, sem er 4 klukkustunda langt, er talið eiga erindi til allra viðbragðsaðila í kjölfar andláts á vettvangi, s.s. sjúkraflutningamenn, heilbrigðisstarfsfólk í dreifbýli og lögreglu.


- Haldin voru **tvö** námskeið í **sérhæfðri endurlífgun (ACLS)**, annað fyrir lækna og hjúkrunarfræðinga á FSA og hitt fyrir hjúkrunarfræðinga á Selfossi. Námskeiðið var 16 klukkustundir og lauk því með prófi.
- Námskeið í **meðhöndlun og flutningi slasaðra (BTLS)** var haldið fyrir sjúkraflutningamenn hjá Brunavörnum Suðurnesja og tók það 16 klukkustundir. Afbrigði af því námskeiði var svo haldið á Húsavík fyrir starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, og tók það námskeið 12 klukkustundir.

Flestir þátttakendanna á ofangreindum námskeiðum voru sjúkraflutningamenn en einnig tóku þátt hjúkrunarfræðingar, læknar og björgunarsveitamenn (sjá myndrit 2, 3 og 4).


**Myndrit 2: Tegundir og fjöldi námskeiða**



**Myndrit 3: Fjöldi þátttakenda (%) á námskeiðum**



**Myndrit 4: þátttaka eftir starfssviði**



### Lokaorð

Sjúkraflutningaskólinn er rekinn sem sjálfbær eining innan FSA og hefur eigin stjórn en í henni sitja fulltrúar frá FSA, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Háskólanum á Akureyri og Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Stjórninni til ráðgjafar er fagrað með fulltrúa frá ofangreindum aðilum auk fulltrúa frá SA, SHS og RKÍ. Töluverð vinna hefur verið á árinu 2003 varðandi þróun og gerð kennsluefnis þeirra námskeiða sem í boði eru hjá sjúkraflutningaskólanum. Heildarfjöldi sjúkraflutningamanna í landinu eru í kringum 450 manns og samkvæmt því sem fram hefur komið eru umsvif töluverð í ljósi þeirrar endur-, framhalds- og símenntunar sem ætlast er til að sjúkraflutningamenn sækji svo og aðrir þeir sem að sjúkraflutningum koma.